



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Dreifibréf til aðila á verðbréfamarkaði

19. október 2017
Tilvísun: 2017010321

Efni: LEI kóði - auðkenni lögaðila í verðbréfiðskiptum

Fjármálaeftirlitið vekur athygli á því að lögaðilar sem eiga viðskipti með fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á viðskiptavettvangi verða auðkenndir með LEI kóða frá 3. janúar 2018.

Hvað er LEI kóði

LEI kóði (Legal Entity Identifier) er 20 stafa kóði samsettur úr bók- og tölustöfum sem er meðal annars notaður til að auðkenna lögaðila sem eiga viðskipti með fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á viðskiptavettvangi. Mikilvægar upplýsingar eru skráðar í tengslum við LEI kóða svo sem nafn, heimilisfang, lögsaga og rekstarform. Upplýsingarnar eru aðgengilegar í opnum gagnagrunni sem uppfærður er daglega.

Hvers vegna LEI kóði

LEI kóði er notaður í skýrslugjöf fjármálafyrirtækja til eftirlitsstjórnvalda og gegnir lykilhlutverki við greiningu á markaðsupplýsingum bæði hvað varðar gagnsæi og eftirlit. Með gildistöku MiFID II (Markets in Financial Instruments Directive) og MiFIR (Markets in Financial Instruments Regulation) í aðildarríkjum Evrópusambandsins hinn 3. janúar 2018 verður skylda að auðkenna lögaðila sem eiga viðskipti með fjármálagerninga sem skráðir eru á viðskiptavettvang, með LEI kóða. Regluverkið verður í kjölfarið tekið upp í íslenskan rétt í ljósi aðildar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn). Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitið (ESMA) vinnur að umfangsmikilli kerfisbreytingu ásamt eftirlitsstjórnvöldum og fyrirtækjum á verðbréfamarkaði, sem kemur til framkvæmda við gildistöku 3. janúar 2018. Fjármálaeftirlitið þarf að taka mið af breyttu umhverfi og mun á sama tíma taka í notkun nýtt upplýsingakerfi sem tekur við tilkynningum um viðskipti með fjármálagerninga. Einn þáttur þessara breytinga er notkun LEI kóða sem auðkenni lögaðila í verðbréfiðskiptum.

Hverjir þurfa LEI kóða

Aðilar sem auðkenna þarf með LEI kóða eru:

- lögaðilar sem kaupa og selja fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á viðskiptavettvangi, þar með taldir;
 - verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir,
 - lífeyrissjóðir og lífeyrissjóðsdeildir,
 - váttryggingafélög,



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

- sveitarfélög,
 - stofnanir og
 - félag.
- fjármálafyrirtæki sem framkvæma viðskipti með fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á viðskiptavettvangi
 - útgefendur fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á viðskiptavettvangi

Hvernig er útgáfa LEI kóða

Global Legal Entity Foundation (GLEIF) hefur umsjón með útgáfu LEI kóða. Lista yfir útgefendur er að finna á heimasíðu GLEIFⁱⁱ. LEI kóði er útgefinn um það bil 24 – 48 stundum eftir að umsókn hefur verið skilað til útgefanda og greiðsla innt af hendi.

Fjármálaeftirlitið hvetur lögaðila sem hafa í hyggju að eiga viðskipti með fjármálagerninga á viðskiptavettvangi frá næstu áramótum að verða sér úti um LEI kóða áður en fyrrgreindar breytingar koma til framkvæmda hinn 3. janúar 2018.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Páll Friðriksson
Páll Friðriksson

Fjóla Sigurðardóttir
Fjóla Sigurðardóttir

ⁱ Viðskiptavettvangur (e. trading venue) er samheiti yfir skipulegan verðbréfamarkað (e. regulated market), markaðstorg fjármálagerninga (e. multilateral trading facility) og skipulegan viðskiptavettvang (e. organised trading facility)

ⁱⁱ <https://www.gleif.org/en/about-lei/how-to-get-an-lei-find-lei-issuing-organizations>